

44. mál 2021-2022

Flutt af forsætisnefnd

## **Starfsreglur um starfskostnað vegna prestsþjónustu og prófastsstarfa.**

### **I. KAFLI**

#### **Rekstrar- og aksturskostnaður.**

##### **1. gr.**

Skrifstofukostnaður vegna starfa sóknarpresta og presta greiðist sem hér greinir.

Þar sem íbúar eru:

- a. 3.500 eða fleiri, greiðast kr. 306.072 á ári.
- b. 1.500-3.500, greiðast kr. 327.941 á ári.
- c. 1.500 eða færri, greiðast kr. 357.091 á ári.

□Auk þess greiðast vegna síma-, pósts- og fatakostnaðar kr. 39.087 á ári.

Þessar fjárhæðir skulu sundurliðaðar og jafnað niður í mánaðarlegar greiðslur.

Héraðsprestar og sérþjónustuprestar fá greitt samkvæmt a-lið.

##### **2. gr.**

Til árlegs starfskostnaðar vegna prófastsstarfa greiðast til viðbótar starfskostnaði samkvæmt 1. gr. kr. 260.604.

##### **3. gr.**

Starfskostnaður vegna prests- og prófastsstarfa greiðist að hálfu vegna aukaþjónustu og veikindaleyfa en ekki koma til sérstakar greiðslur vegna sumarafleysinga.

##### **4. gr.**

Greiðslur vegna 1. og 2. gr. eru inntar af hendi mánaðarlega vegna næstliðins mánaðar.

Biskup Íslands getur falið próföstum að staðfesta akstursbækur presta.

### **II. KAFLI**

#### **Annar rekstrarkostnaður.**

##### **5. gr.**

Leggja skal prestum til hempu og kraga samkvæmt nánari ákvörðun biskups Íslands.

6. gr.

Greiða skal hæfilegan kostnað vegna flutnings búslóðar milli landshluta, allt að kr. 250.000 eftir framlögðum, fullnægjandi gögnum.

7. gr.

Ferðakostnaður presta á prestastefnu og vegna starfa í fastanefndum kirkjunnar er til viðbótar öðrum greiðslum í starfsreglum þessum.

8. gr.

Fjárhæðir í starfsreglum þessum skulu breytast í samræmi við ákvarðanir kirkjuþings fyrir hvert fjárlagaár kirkjunnar.

III. KAFLI

**Gildistaka.**

9. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi 1. janúar 2022. Frá sama tíma falla brott starfsreglur um starfskostnað vegna prestspjónustu og prófastsstarfa nr. 316/2020, með síðari breytingum.

*Samþykkt á kirkjuþingi 23. nóvember 2021*